



Ársskýrsla 2021



Rauði krossinn

Rauði krossinn á Íslandi • Efstaleiti 9 • 103 Reykjavík • Sími 570 4000
info@redcross.is • www.raudikrossinn.is

Ársskýrsla Rauða krossins á Íslandi 2021

Reykjavík, maí 2022

Útgefandi: Rauði krossinn á Íslandi

Ábyrgðaraðili: Kristín S. Hjálmtýsdóttir

Ritstjóri: Brynhildur Bolladóttir

Umbrot og hönnun: María Margeirsdóttir, Hnotskógur

Prófarkalestur: Nína Helgadóttir og fleiri

Myndir: Sigurður Ólafur Sigurðsson, IFRC, ICRC, starfsfólk og sjálfbóðaliðar Rauða krossins á Íslandi

Forsíðumyndin er af Margaret Kazembe, leiðbeinanda hjá Mangochi-deild Rauða krossins í Malaví.



Efnisyfirlit

Ávarp formanns	4
Starfsemi Rauða krossins á árinu 2021	5
Krísur og hamfarir	8
Heilbrigði	9
Farendur	11
Alþjóðaverkefni	13
Fjáröflun	17
Fjármál	18

Ávarp formanns



Ágæti lesandi

Vorið er farið að minna á sig með sínum gróanda og fuglasöng. Nú fer að stytast í aðalfund Rauða krossins og hér birtist ársskýrsla fyrir árið 2021.

Enn litaðist starfsemi Rauða krossins af heimsfaraldri Covid-19, farsóttar- og sóttvarnahús voru opnuð og lokað á víxl, fólk hélt sig heima og mörg verkefna okkar tóku breytingum eða lágu jafnvel í dvala. Fólk þurfti að beita nýjum aðferðum, fundahöld fóru fram á netinu og persónuleg samskipti því minni en áður. Þetta var mikil breyting því okkar góða félag hefur ávallt byggt starf sitt á tengslum fólks og félagslegri virkni. Það

er því tilhlökkunarefni að nú getum við tekið upp fyrri hætti og hist og átt ánægjulegar stundir saman.

Það er því gott að sjá heiminn vakna aftur, fólk hittast og njóta samvista hvert með öðru. Átakanleg stríðsátök og náttúruhamfarir halda þó áfram að minna á sig en enn og aftur er Rauða kross hreyfingin til staðar þar sem á reynir með bjargir sínar, með sjálfbodaliða sem boðnir eru og búnir að aðstoða fólk við hættulegar og krefjandi aðstæður.

Ég hef nú gegnt formennsku í félaginu í átta ár og læt af henni á næsta aðalfundi. Þetta hefur verið skemmtilegur, gefandi

en jafnframt krefjandi tími. Ég vil þakka fyrir mig, þakka öllum þeim fjölmörgu sem ég hef unnið með, sjálfbodaliðum og starfsmönnum félagsins fyrir samstarfið. Ég veit að Rauði krossinn heldur áfram að vera sterkt, framsækið og nútímalegt félag. Hafið öll kæra þökk fyrir ykkar góða framlag í þágu mannúðar.

Með bestu kveðju,
Sveinn Kristinsson
formaður Rauða krossins á Íslandi

**TAKK FYRIR
AÐ VERA TIL
STAÐAR MEÐ
OKKUR.** →



Starfsemi Rauða krossins á árinu 2021

Árið 2021 lítaðist af heimsfaraldri Covid-19 eins og fyrra ár. Farsóttarhús voru áfram rekin á árinu. Um tíma þurfti að fjölga farsóttarhúsum og starfsfólki þar sem allir sem komu hingað til lands var gert skylt að dvelja þar. Samfélagið hélt áfram nokkuð lokað með samkomutakmörkunum og krefjandi aðstæðum fyrir verkefni Rauða krossins sem snúast að mestu um samveru og nánd.

Mannauður og menning

Sjálfboðaliðar

Á árinu bárust 912 nýjar umsóknir um að gerast sjálfboðaliði hjá Rauða krossinum en alls störfuðu 3.002 sjálfboðaliðar í 3.501 starfi.

Stjórn

Stjórn félagsins skipa:

Sveinn Kristinsson, *formaður*
Silja Bára Ómarsdóttir, *varaformaður*
Hrund Snorradóttir, *gjaldkeri*

Halldór Valdimarsson, *ritari*
Baldur Steinn Helgason
Elín Ósk Helgadóttir
Gréta María Grétarsdóttir
Jónas Sigurðsson
Sveinn Þorsteinsson
Þóra B. Nikulásdóttir
Ívar Kristinsson
Anna Rósa Magnúsdóttir, *varamaður*
Pétur Pétursson, *varamaður*

Starfsfólk


Á árinu voru að meðaltali 167 einstaklingar sem sinntu launuðum störfum hjá félaginu. Af þeim hópi voru að meðaltali 54 einstaklingar starfsmenn farsóttarhúsa. Í lok árs var fjöldi starfsfólks 151 talsins, þar af voru tveir einstaklingar sem sinntu sendifulltrúastörfum. Á árinu náðist að jafna kynjahlutfall meðal starfsfólks um 5% og launamun kynjanna um 1,26%. Í lok árs samanstóð starfsmannahópurinn af

32% körlum og 68% konum. Hópur starfsfólks var í fjarvinnu stóran hluta ársins og stóðst þá raun með miklum sóma. Fjölmennur hópur starfsmanna hafði ekki kost á fjarvinnu sökum eðlis þeirra verkefna sem þau sinntu og mættu á sína starfsstöð hvort heldur sem var í farsóttarhúsum, fataverkefnum, fjáröflun eða öðrum starfsstöðvum sem kröfðust viðveru.


Jafnlaunavottun

Rauði krossinn fór í viðhaldsúttekt hjá vottunaraðila (iCert) á jafnlaunakerfi sínu á árinu og stóðst án frávika og athugasemda. Í viðhaldsúttektinni var farið yfir og lagt heildstætt mat á rekstur kerfisins m.t.t. krafna staðalsins ÍST 85:2012 og innri krafna þess. Jafnlaunakerfið nær til alls starfsfólks félagsins og er megin tilgangur þess að tryggja að starfsfólk njóti sömu kjara fyrir sömu eða jafn verðmæt störf.


Skipting sjálfboðaliða eftir landshlutum



Fjöldi sjálfboðaliða eftir verkefnum



Kyn starfandi sjálfboðaliða á árinu



Starfsemi Rauða krossins á árinu 2021

Námskeiðahald

Mörg námskeið féllu niður á árinu vegna samkomutakmarkana en mörg voru hins vegar haldin rafrænt.

2021	Námskeið	Pátttakendur
Fjöldahjálparnámskeið (Inngangur að neyðarvörnum)	13	190
Hjálparsímanámskeið	2	30
Sálrænn stuðningur	26	369
Vinaverkefnanámskeið	23	202
Námskeið um málefni farenta	11	116
Skaðaminnkunarnámskeið	5	66
Skyndihjálparnámskeið	763	8.844
Sendifulltrúanámskeið	2	27
Fræðsla starfsfólks	6	97
Almenn fræðsla	6	251
Samtals	857	10.192

Sameiningar deilda

Hafnarfjarðar- og Garðabæjardeild sameinaðist Kópavogsdeild í Hafnarfjarðar-Garðabæjar og Kópavogsdeild. Dýrafjarðardeild og Öfundarfjarðardeild sameinuðust í Dýra- og Öfundarfjarðardeild.

Sjálfboðaliðaðing

Sjálfboðaliðaðing Rauða krossins er haldið annað hvert ár, árið milli aðalfunda félagsins sem einnig er haldinn á tveggja ára fresti. Þá hittast sjálfboðaliðar og ræða verkefni félagsins og málefni líðandi stundar.

Vegna aðstæðna í samfélaginu var þinginu í ár streymt rafrænt frá Norræna húsinu í Reykjavík. Dagskráin var fjölbreytt en meðal erinda voru skaðaminnkun, verkefni sendifulltrúa, sálræn skyndihjálpar og framtíð sjálfboðaliðasamtaka. Pátttaka var vonum framar og eru einstök erindi frá þinginu aðgengileg á Youtube-rás félagsins. Næsta sjálfboðaliðaðing Rauða krossins verður í maí 2023.

Umsagnir til Alþingis

Eftirfarandi umsagnir voru sendar til Alþingis um málefni sem varða félagið og skjólstæðinga þess.

Umsögn um frumvarp um:

- Happdrætti Háskóla Íslands og lög um happdrætti

- ávana- og fíkniefni (x3)
- framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda fyrir árin 2021-2024
- breytingu á lögum um almannavarnir (x2)
- breytingu á lögum um útlendinga
- almenn hegningarlög (mansal)
- breytingu á lögum um málefni innflytjenda
- skatta og gjöld (skattalegir hvatar fyrir lögaðila sem starfa til almannaheilla)
- umsögn um tillögu til þingsályktunar um samning SP um bann við kjarnorkuvopnum.

Við erum hreyfiafl jákvæðra breytinga!

- Við stöndum vörð um rétt og ákvarðanir fólks til að ná fram jákvæðum breytingum fyrir sig, samfélag sitt og heiminn allan
- Við leggjum okkur fram við að veita þjónustu til jaðarsettra og viðkvæmra hópa samfélagsins.

Parfaggreining

Á árinu var parfaggreining framkvæmd til að greina hvar þörf fyrir aðstoð er mest, geta brugðist við síbreytilegum samfélagsaðstæðum og styðja við málsvarastarf félagsins. Könnunin var framkvæmd á

vormánuðum 2021 og send á lykilaðila í velferðar-, heilbrigðis- og menntunar-geiranum á Íslandi. Svörun var 64%. Jaðarsetning og þættir sem auka líkur á henni voru rauður þráður niðurstaðnanna. Skortur á þjónustu vegur þýngst þegar fólk er jaðarsett og hve erfitt er að breyta þeirri stöðu fólks. Þjónusta er mismikil eftir sveitarfélögum og þar ræður helst för áhugi, fjármagn og þekking. Fólk sem er með fötlun, geðfötlun, notar fíkniefni, er af erlendum uppruna eða glímir við húsnaðis-leysi er í sérstakri hættu á jaðarsetningu, sér í lagi konur og börn innan þessara hópa. Áhyggjur svarenda af langtíma afleiðingum heimsfaraldursins voru einnig ofarlega á lista en þar ber helst að nefna aukinn félagslegan og geðrænan vanda, aukið álag á þjónustu sem ekki er hægt að anna og aukið ofbeldi.

Flest sem svöruðu könnuninni töldu lausnina vera að auka fjármagn til velferðar-, heilbrigðis- og menntunarmála svo það sé m.a. hægt að efla húsnaðis- og fjárhagslegt öryggi.

Verkefni sem Rauði krossinn hætti í á árinu

Vin

Rauði krossinn lauk 28 ára starfi í Vin, fræðslu- og batasetri fyrir geðfatlaða þegar Reykjavíkurborg tók við rekstrinum í júlí 2021. Reynt var eftir fremsta megni að hafa yfirfærsluna sem auðveldasta fyrir gesti Vinjar. Það starfsfólk sem áður starfaði fyrir Rauða krossinn hefur nú hafið störf hjá Reykjavíkurborg.

Opið hús fyrir innflytjendur og flóttafólk

Opið hús var starfrækt á árunum 2016-2021 á höfuðborgarsvæðinu og frá 2019 á Akureyri til þess að aðstoða fólk við að leysa úr hinum ýmsu hagnýtu málum. Verkefninu á höfuðborgarsvæðinu lauk þegar Ráðgjafarstofa innflytjenda, New in Iceland, hóf störf á vegum stjórnvalda.

Áfallasjóður á höfuðborgarsvæðinu

Áfallasjóðurinn var lagður niður í júní 2021 eftir að hafa verið settur á laggirnar árið 2015. Fjöldi einstaklinga og fjölskyldna fékk aðstoð í gegnum árin.



SJÁLFBODALIÐAÞING RAUÐA KROSSINS

8. MAÍ 2021
KL. 10-16

Kl. 10:00 - Setning Sjálfbodaliðs

Sveinn Kristinsson, formaður Rauða krossins

Kl. 10:10 - Psychological First Aid for All Erindi á ensku / In English

Elfa Dögg S. Leifsdóttir, teymisstjóri & Melanie Powell, verkefnastjóri hjá Rauða krossinum

Kl. 11:15 - The Climate Challenge Erindi á ensku / In English

Margot Curl, Climate Center IFRC

Kl. 12:05 - Saga frá Malaví: Hvernig sjálfbodaliðar bjarga lífum

Guðný Nielsen, verkefnastjóri hjá Rauða krossinum

Kl. 12:25 - Sjálfbærnisjóður Rauða krossins á Íslandi

Björg Kjartansdóttir, sviðsstjóri hjá Rauða krossinum

Kl. 12:40 - Skemmtiatriði

Kl. 13:05 - Samtal við sendifulltrúa Rauða krossins

Kl. 13:40 - Leiðtogafærni og stjórnarseta

Gréta María Grétarsdóttir, stjórnarmaður Rauða krossins

Kl. 14:15 - Mansal: Helstu merki og viðbrögð

Kristjana Fenger, teymisstjóri hjá Rauða krossinum

Kl. 15:00 - Pallborðsumræður: Framtíð sjálfbodaliðasamtaka

Hildur Tryggvadóttir Flóvenz, ráðgjafi á sviði þriðja geirans og sjálfbærni hjá KPMG

Sigurbjörg Birgisdóttir, verkefnastjóri sjálfbodaliðamiðstöðvar Rauða krossins

Steinunn Hrafnisdóttir, prófessor í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands

Ívar Kristinsson, sjálfbodaliði og stjórnarmaður Rauða krossins

Jón Svannberg Hjartarsson, sjálfbodaliði og fyrrverandi framkvæmdastjóri Landsbjargar

Kl. 15:45 - Þingi slitið

Silja Bára Ómarsdóttir, varaformaður Rauða krossins

Innanlandsstarf

Samantekt úr starfinu

KRÍSUR OG HAMFARIR

Neyðarvarnir

Rauði krossinn mannaði stöðu í þjónustumiðstöð almannavarna á Seyðisfirði til loka febrúar vegna aurskriða sem féllu í lok árs 2020. Þar gat fólk komið og fengið alla alhliða aðstoð á einum stað en Rauði krossinn úthlutaði fé til fólks sem hafði misst heimili eða tekjur vegna skriðanna. Samtals fengu 28 heimili 5.968.756 kr. úthlutað.

Eldgos hófst á Reykjanesi í mars og þurfti Rauði krossinn að opna fjöldahjálparstöðvar nokkrum sinnum þegar fólk sem gekk að gosinu áttaði sig ekki á fjarlægðum að gosstöðvunum og veðráttu.

Uppbyggingu viðbragðshópa á landsvísu lauk í janúar 2022 þegar stofnaður var viðbragðshópur Norðurlands vestra.


Tvær flugslysæfingar voru haldnar, í Vestmannaeyjum og á Keflavíkflugvelli. Hlutverk Rauða krossins í viðbragðs-




áætlunum var æft og fræðsla um sálrænan stuðning var í boði fyrir alla viðbragðsaðila fyrir æfingarnar. 1.300 einstaklingar nutu stuðnings frá Rauða krossinum í kjölfar alvarlegra atvika um land allt þrátt fyrir miklar samkomutakmarkanir á árinu. Mikil

aukning var í útköllum milli ára vegna ofbeldis. Það voru helst rán í verslunum og stuðningur við einstaklinga sem urðu vitni að eða urðu fyrir ofbeldi af hendi annars aðila.

Fjöldi og tegund útkalla



Útkall eftir landshlutum



Innanlandsstarf **Samantekt úr starfinu**



HEILBRIGÐI

Farsóttar- og sóttvarnahús vegna Covid-19

Farsóttarhús voru áfram rekin í Reykjavík og á Akureyri, samkvæmt samstarfs-samningi við Sjúkratryggingar Íslands. Við þau bættist tímabundinn rekstur á sóttkvíarhótelum í Reykjavík og Egilsstöðum frá apríl til ágústmánaðar. Mikil aukning varð bæði í dvöl hjá þeim sem þurftu að fara í sóttkví vegna reglna á landamærum en einnig varð töluverð aukning í smitum innanlands. Vegna fjölda smita var aðeins tekið við fólki með staðfest smit frá ágústmánuði en engum vegna sóttkvíar. Þegar mest var voru sjö farsóttarhús í rekstri en alls voru 13 hótél notuð fyrir farsóttarhús eða sóttkvíarhótél. Frá upphafi dvöldu samtals 15.060 manns í úrræðunum, þar af 9.789 í sóttkví og 5.271 í einangrun í farsóttarhúsum.



Sjálfboðaliðar aðstoðuðu smitakningar-teymi sóttvarnalæknis og almannavarna við að rekja smit í samfélaginu nokkrum sinnum á árinu þegar álagið var mikið.

Samráðshópur áfallamála

Samráðshópur áfallamála á landsvísi var formlega virkjaður einu sinni á árinu vegna jarðskjálfta og eldsumbrota á

health and psychosocial support) og einnig var haldið leiðbeinendanámskeið fyrir nýja leiðbeinendur.



Reykjanesi. Hópurinn á svæðinu fundaði reglulega meðan á jarðskjálftahrinum stóð til að kortleggja stuðning, upplýsingagjöf og fræðslu. Aðrir samráðshópar um landið voru einnig virkjaðir eftir þörfum, t.d. vegna aurskriðu í Pingeyjarsýslu og vegna Covid-19 úrlausnamála. Fræðsludagur fyrir samráðshópana var haldinn á netinu þar sem raundæmi um virkjun samráðshópa í kjölfar alvarlegra atvika voru tekin. 80 aðilar um land allt tóku þátt.

Námskeið um sálræna fyrstu hjálp (e. *psychological first aid*) og velliðan (e. *well-being*) voru uppfærð á árinu. Áhersla var á þjálfun starfsfólks og sjálfboðaliða um hugmyndfræði geðheilbrigðis og sálfélagslegs stuðnings (e. *mental*

Skyndihjálpar

Skyndihjálparmaður ársins 2020 var valinn Sólveig Ásgeirsdóttir en hún bjargaði vinkonu sinni, Súsönnu Helgadóttur, sem fór í hjartastopp á heimili sínu.

Leiðbeinendanámskeið fyrir nýja leiðbeinendur í skyndihjálpar var haldið á árinu sem og endurnenntunarnámskeið fyrir eldri leiðbeinendur.

Sjúkrabílar

25 sjúkrabílar voru keyptir á árinu samkvæmt útboði hjá Ríkiskaupum. Mikið var endurnýjað af dýrum búnaði svo sem hjartastuðtæki og rafráfrnar sjúkrabörur.

Innanlandsstarf Samantekt úr starfinu

Vinaverkefni

Vinaverkefni eru starfrækt víðsvegar um landið með það að markmiði að sporna gegn félagslegri einangrun. Verkefni eru mismunandi, ýmist býður gestgjafi heim, farið er í göngutúr, hringt eða glaðir hundar heilsa upp á skjólstæðinga. Aðstoð eftir afplánun er ætlað að vera stuðningsnet fyrir fólk sem er að ljúka afplánun í fangelsi og svipar verkefnum um margt til Leiðsöguvinaverkefnisins.

Hjálparsíminn 1717 og netspjallið

Símtöl og netspjöll:

Hjálparsímanum bárust í heildina 13.356 samtöl. Þar af voru 8.904 símtöl en í 4.452 skipti var um netspjall að ræða og er aukning í notkun netspjallsins milli ára. Hvert samtöl getur átt við fleiri en einn flokk.

Geðlestin

Geðhjálp og Hjálparsíminn 1717 fóru af stað með nýtt verkefni, Geðlestina, sem er geðfræðsla fyrir nemendur í efri bekkjum grunnskóla. Markmiðið með Geðlestinni er að ræða við ungt fólk um geðheilsu og hvernig best sé að rækta hana, vernda og vera betur í stakk búin til þess að takast á við allskonar áskoranir á lífsleiðinni. Verkefnið er styrkt af heilbrigðis- og félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu.

Ertu ókei?

Árið 2021 var hafist handa við gerð nýrrar vitundarvakningar með félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu sem ber heitið Ertu ókei? þar sem börn og ungmenni geta leitað upplýsinga um úrræði sem í boði eru og áréttað er mikilvægi þess að ræða tilfinningar sínar og leita sér aðstoðar ef þörf er á.

Frú Ragnheiður

Fjöldi	Höfuðborgarsvæði	Akureyri	Suðurnes*
Skjólstæðingar	592	23	35
Heimsóknir	4.694	195	306

*frá júní 2021

Skaðaminnkun


Frú Ragnheiður

Starfsemi Frú Ragnheiðar hélt áfram á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Nýr bíll var tekinn í notkun á höfuðborgarsvæðinu í júní.

Ylja – færanlegt neyslurými

Undirbúningur fyrir færanlegt neyslurými hófst á árinu, en neyslurými er lagalega verndað umhverfi þar sem einstaklingar 18 ára og eldri geta sprautað ávana- og fíkniefnum í æð undir eftirliti sérhæfðs starfsfólks og gætt er fyllsta hreinlætis, öryggis og sýkingavarna. Fyrsta ferðin var farin í febrúar 2022.

Símtöl og netspjöll



- Sálræn vandamál - 11.042*
- Félagsleg vandamál - 2.097
- Heilbrigðisvandamál - 891
- Öfubeldi - 847
- Neysla/fíkn - 623
- Spilafíkn - 22

*Kökuritið hér að neðan sýnir sundurliðun sálrænna vandamála



*Sálræn vandamál - sundurliðun

- Félagsleg einangrun (áður einmannaleiki) - 1.129
- Kvíði - 1.751
- Punglyndi - 1.219
- Geðröskun - 872
- Sjálfsvígshugsanir/áhyggjur af sjálfsvígshæðun annarra - 928
- Áfall - 539
- Áráttta/þráhyggja - 422
- Einelti - 187
- Sjálfsskaði - 418
- Sjálfsmýnd - 208
- Sorg/söknuður - 364

Kyn þeirra sem hafa samband



- Konur - 5.678
- Karlar - 3.563
- Kynsegin - 10
- Kyn ekki vitað - 4.105

Innanlandsstarf Samantekt úr starfinu

FARENDUR

Flóttafólk og innflytjendur

Alls settust 526 manns frá 48 löndum að hér á landi eftir að hafa fengið alþjóðlega vernd, dvalarleyfi af mannúðarástæðum eða sameinast fjölskyldu sinni á árinu. Aðeins komu 34 af þeim kvótaflóttamönnum sem áætlað var að kæmu árið 2020 og enginn af þeim hópi sem áætlaður var árið 2021. Megin ástæður þess eru tafir vegna Covid-19.

Flóttafólk og innflytjendur sem leita eftir þjónustu Rauða krossins eru flest á aldrinum 25-45 ára. Stærstur hluti flóttafólks er á höfuðborgarsvæðinu eða um 85% og um 10% í Reykjanesbæ. Á árinu settist fólk einnig að í Árborg og á Akureyri. Langflest nýta sér þjónustu Rauða krossins fyrsta árið í nýjum heimkynnum en síðan eru alltaf einhver sem þurfa lengri stuðning s.s. vegna viðkvæmrar stöðu, langrar áfallasögu og fjölskyldusameininga. Þá eykst þátttaka flóttafólks í fjölbreyttum verkefnum Rauða krossins hér á landi ár frá ári og verður áfram unnið að eflingu þeirra.

Samræmdu móttökukerfi var komið á á vegum stjórnvalda fyrir allt flóttafólk sem fær vernd eða dvalarleyfi. Aðkoma Fjölmenningsseturs og Vinnumálastofnunar verður aukin verulega en aðkoma Rauða krossins verður með breyttu sniði og mun aðallega felast í að efla andlegt heilbrigði og sálfélagslegan stuðning fyrir þau sem hingað leita og eiga að baki langa og erfiða flótt- og/eða áfallasögu.

Starf með fólki af erlendum uppruna

Meginstuðningur Rauða krossins til fólks af erlendum uppruna er í verkefnum Leiðsöguvinir og Tölum saman þar sem lögð er áhersla á íslensku þjálfun. Biðlisti myndaðist eftir sjálfboðaliðum í bæði verkefni sökum mikillar fjölgunar flóttafólks og erfiðleika við að halda uppi fullri þjónustu vegna samkomutakmarkana. Íslenskuþjálfun er einnig veitt víðsvegar um landið, m.a. í formi Æfingin skapar meistarann í samvinnu við Kópavogsbæ og á Akureyri.

	2021	2020	2019
Fjöldi umsækjenda	872	654	867
Meðalmálsmeðferðartími ÚTL í dögum	89	130	144
Fjöldi afgreiddra mála hjá ÚTL	794	904	1123
Meðalfjöldi umsækjenda í þjónustu á mánuði	460	518	597
Fjöldi verndarveitinga ÚTL	320	528	376
Fjöldi verndarveitinga KNU	33	63	17

ÚTL er Útlendingastofnun. KNU er kærunefnd útlendingamála

Umsækjendur um alþjóðlega vernd

Rauði krossinn hefur sinnt talsmannaþjónustu, félagslegu hjálparstarfi og félagsstarfi fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd frá 2014 samkvæmt samningi við dómsmálaráðuneytið. Heildarmálsmeðferðartími hjá Útlendingastofnun hefur stýst ár frá ári sem er jákvætt.

Flestir umsækjendur sem fengu jákvæða niðurstöðu voru frá:

- Venesúela 135
- Afganistan 59
- Palestínu 58
- Sírlandi 27
- Írak 15

Almennri upplýsingagjöf er sinnt í opnum viðtalstímum sem á árinu 2021 voru 100. Heimsfaraldur kórónuveirunnar setti þessari þjónustu takmörk á árinu en með mikilli elju starfsfólks og góðu samstarfi við umsækjendur tókst að tryggja aðgengi að þjónustunni allt árið þar sem farið var eftir tilmælum sóttvarnaryfirvalda í hvívetna. Þá var símaráðgjöf aukin og skjólstæðingum gefinn kostur á að leysa erindi í síma sem annars hefði verið sinnt í opnum viðtalstímum.

Upplifun skjólstæðinga af þjónustu Rauða krossins

Þjónusta Rauða krossins er metin reglulega af skjólstæðingum í þeim tilgangi að bæta hana.

Viðmið	Hlutfall 2020	Hlutfall 2021	Upplifun
Virðing	85,5%	75 %	Segjast upplifa að komið sé fram við sig af virðingu
Aðgengi	83,2%	78,3 %	Segja að aðgengi að þjónustu og viðburðum Rauða krossins sé gott, þ.m.t. talið aðgengi að talsmönnum.
Öryggi	100%	86,6 %	Segjast upplifa sig örugga í viðtölum og viðburðum hjá Rauða krossinum

Úr könnun á upplifun skjólstæðinga af þjónustu Rauða krossins sem gerð var í maí - júní 2021.

Innanlandsstarf Samantekt úr starfinu

Heilbrigðisþjónusta í heimsfaraldri

Umsækjendur um alþjóðlega vernd eru margir í þörf fyrir heilbrigðisþjónustu við komuna til landsins, t.d. vegna sjúkdóma, ómeðhöndlaðra heilsufarskvilla eða áverka. Aðgengi að heilbrigðisþjónustu var áfram áskorun á árinu vegna álags á heilbrigðiskerfið og sóttvarnareglu en þó var greiðari aðgangur en árið 2020. Áfram var virkt samtal milli fulltrúa Rauða krossins, stjórnvalda og heilbrigðisstofnana til þess að stuðla að bættu aðgengi fyrir skjólstæðinga.

Í heimsfaraldrinu varð mikilvægi þess að fólk þekkti og stundaði persónubundnar sótt- og smitvarnir meira en nokkru sinni fyrr. Á því sviði lagði Rauði krossinn áherslu á að veita fólki einfaldar, öruggar og tímanlegar upplýsingar, m.a. um einkenni sjúkdómsins, breytingar á

sóttvarnareglum og bólusetningar, svo það gæti sjálft tekið upplýstar ákvarðanir um eigin heilsu. Notast var við virtualvolunteer.org og Facebookhóp á vegum Rauða krossins fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd til þess að koma upplýsingum á framfæri, auk viðtalstíma. Áður en bólusetningar hófust hér á landi voru útbúnaðar stuttar og hnitmiðaðar upplýsingar um bólusetningar, mögulegar aukaverkanir o.s.frv. sem birtar voru reglulega á Facebook. Upplýsingarnar voru á ensku og arabísku.

Alþjóðleg leitarþjónusta og fjölskyldusameiningar

Alls fengu 139 einstaklingar vernd í gegnum fjölskyldusameiningarferli. Rauði krossinn veitti 212 einstaklingum ráðgjöf varðandi umsóknir um fjölskyldusameiningar í samvinnu við Alþjóða Rauða

krossinn og Rauða hálfmánann auk annarra erlendra og innlendra samtaka og stofnana.

Talsvert álag myndaðist vegna ráðgjafar við Afgani hér á landi vegna ástandsins í heimalandi þeirra og aðstoðar við að koma ættingjum úr landi. Samkvæmt þjónustukönnun töldu 90,3% skjólstæðinga ráðgjöf félagsins vegna fjölskyldusameininga vera mjög góða eða góða.

Á árinu 2021 sendi leitarþjónusta Rauða krossins út leitarbeiðnir varðandi 8 einstaklinga, bæði flóttafólk sem misst hefur samband við ættingja í heimalandi en einnig mál þar sem Íslendingar leita löngu liðinna ættingja.

IF YOU ARE FEELING NERVOUS AND NEED MORE INFORMATION YOU CAN:

- ✓ COME TO OPEN INTERVIEW HOURS
- ✓ TALK TO A HEALTH CARE PROVIDER OR YOUR SOCIAL WORKER
- ✓ VISIT THE ICELANDIC COVID WEBSITE WWW.COVID.IS
- ✓ SEND AN EMAIL TO: ASYLUM@REDCROSS.IS

إذا كنت تشعر بالتوتر وتحتاج إلى مزيد من المعلومات يمكنك:

- ✓ تعال إلى ساعات المقابلة المفتوحة
- ✓ تحدث إلى مقدم الرعاية الصحية أو أخصائيك الاجتماعي
- ✓ COVID. IS الإيسلندي COVID في زيارة موقع
- ✓ إرسال بريد إلكتروني إلى ASYLUM@REDCROSS.IS

THEY CAN INCLUDE FLU-LIKE SYMPTOMS LIKE:

- FEELING ACHY
- FEELING TIRED
- A SORE ARM WHERE THE NEEDLE WENT IN
- A HEADACHE
- A FEVER
- STOMACH/INTESTINAL SYMPTOMS

MORE SEVERE SIDE-AFFECTS ARE RARE.

IT'S OK TO TAKE A PAIN RELIEVER IF YOU EXPERIENCE DISCOMFORT AFTER YOUR VACCINATION

WHAT IS NOT IN THE COVID-19 VACCINE ? THE VACCINE DOES NOT CONTAIN PORK, GELATINE, GLUTEN OR EGGS



PGI Seminar



Government of Iceland
Ministry for Foreign Affairs

Alþjóðaverkefni

Áherslur í alþjóðlegu hjálparstarfi á árinu 2021



Rauði krossinn á Íslandi leggur sérstaka áherslu á vernd viðkvæmra hópa, jafnrétti, sérstaklega jafnrétti kynjanna og þátttöku án aðgreiningar. Önnur áhersla byggir á sérstöðu Rauða krossins og Rauða hálfmánans og er sú að sjálfbærliðar og starfsfólk er heima fólk sem veitir jafnan fyrstu aðstoð í kjölfar áfalla, hamfara og átaka og verður áfram til staðar.

Samstarf við stjórnvöld og atvinnulíf

Samstarf Rauða krossins við utanríkisráðuneytið hefur vaxið og dafnað á undanförunum árum. Rammasamningur um mannúðaraðstoð var undirritaður árið 2018 og á árinu 2021 fengu verkefni Rauða krossins 147,6 milljónir króna á grundvelli þess samnings. Í skýrslu sem birt var í mars 2021 kom fram að reynslan af rammasamningnum hafi verið góð og meðal annars dregið verulega úr umsýslukostnaði, aukið sveigjanleika, bætt viðbragðsflýti og styrkt Rauða krossinn á Íslandi sem félag.

Á árinu veitti utanríkisráðuneytið Rauða krossinum að auki styrk til tveggja verkefna utan rammasamnings. Annars vegar til uppbyggingar á getu landsfélaga Rauða krossins og Rauða hálfmánans í Afríku til að takast á við ofbeldi, mismunun og útilokun og hins vegar vegna verkefnis um sjálfbæra og samfélagsdrifna endurheimt skóglendis í Sierra Leóne.

Þá fékk Rauði krossinn styrk frá utanríkisráðuneytinu til tveggja kynningar- og fræðsluverkefna að upphæð 10.742.493 kr. Fyrra fræðsluverkefnið snéri að vernd, jafnrétti og þátttöku án aðgreiningar (PGI) þar sem 22 sendifulltrúar og fulltrúar frá öðrum samtökum hlutu grunnþjálfun í PGI og 16 sendifulltrúar hlutu framhaldsþjálfun auk ráðstefnu og annarrar fræðslu. Hitt verkefnið snýr að kynningu á alþjóðaverkefnum félagsins sem mun koma til framkvæmdar á árinu 2022.


Fyrirtæki hafa í auknum mæli veitt fjárstuðnings til verkefna sem m.a. samræmast þeirra eigin stefnu og samfélagslegri

ábyrgð. Marel hefur verið í fararbroddi öflugra fyrirtækja og einstaklinga sem hafa stutt við alþjóðleg verkefni á vegum Rauða krossins en einnig er vert að nefna að með stuðningi hjóna sem ekki vilja láta nafna sinna getið er haldið úti lífsnauðsynlegri heilsugæslu fyrir um 30.000 manns í Sómalíu.

Áherslusvæði

Áherslusvæði Rauða krossins á Íslandi eru Afríka sunnan Sahara og Miðausturlönd. Áherslur Rauða krossins á Íslandi lúta að jafnrétti kynjanna og vernd, aukinni stofnanagetu landsfélaga í þróunarríkjum og viðbrögð við loftslagsvánni.

Framlög í íslenskum krónum til alþjóðlegs hjálparstarfs árin 1999-2021



Alþjóðaverkefni Áherslur í alþjóðlegu hjálparstarfi á árinu 2020



Miðausturlönd

Í **Palestínu** var stuðningur við Palestínska Rauða hálfmánann aukinn í maí 2021 þegar spennan í Austur-Jerúsalem jókst mikið og almennir borgarar særðust eða týndu lífi sínu í árásun, að stórum hluta á Gaza. Bráðaliðar Rauða hálfmánans í Palestínu urðu fyrir árásun, var meinaður aðgangur að særðum og skemmdir unnar á sjúkrahúsum félagsins. Auka þurfti stuðning við félagið til að tryggja að unnt væri að sinna stóru auknu álagi, sérstaklega þegar mannúðarlög voru virt að vettugi og starfsfólk og sjálfbóðaliðar voru í hættu.

Asía

Í **Afganistan** tóku Talibanar völd í landinu í september 2021 og í kjölfarið dró mjög úr þróunaraðstoð og efnahagsþvinganir tóku gildi með hækkandi verði á matvælum og lyfjum. Með aðstoð utanríkisráðuneytisins og framlögum frá almenningi styrkti Rauði krossinn á Íslandi mannúðarstarf Rauða kross hreyfingarinnar um 40 milljónir króna, sem nýttist m.a. til að stuðla að virðingu og vernd hópa í neyð, styrkja aðgengi að heilbrigðisþjónustu, vatni og öðrum nauðsynjum, aðstoða fjölskyldur við að sameinast og styðja lífsviðurværi fólks. Fá önnur hjálpar-samtök en Rauði krossinn gátu veitt

mannúðaraðstoð á svæðinu en í krafti hlutleysis síns og óhlutdrægni gat hreyfingin sinnt því verkefni.

Afríka

Rauði krossinn fjármagnaði stöðugildi á Afríkuskrifstofu Alþjóðasambands Rauða krossins og Rauða hálfmánans í Nairóbí. Starfsmaðurinn vinnur að því að tryggja vernd, kynjajafnrétti og þátttöku án aðgreiningar (e. protection, gender and inclusion) í neyðaráætlunum afrískra landsfélaga hreyfingarinnar.

Í **Malaví** var áfram unnið að því að bæta heilsu og auka aðgengi um 150.000 íbúa þriggja héraða landsins að vatni og auka aðgengi barna að menntun, með stuðningi utanríkisráðuneytisins. Auk þess studdi Rauði krossinn miklar viðbragðsaðgerðir vegna Covid-19 sem hefur haft viðtækar afleiðingar í þessu fátæka landi. Aukin áhersla var lögð á vernd fyrir ungar stúlkur vegna þeirra áhrifa sem skólalokanir hafa fyrir þær.

Í **Sómálíu** hélt Rauði krossinn áfram úti færanlegri heilsugæslu sem sinnir hirðingjasamfélögum í Hargeisa héraði en þar var sérstök áhersla lögð á mæðra-vernd og heilbrigði barna. Heilsugæslan er fjármögnuð nær alfarið af íslenskum hjónum og njóta um 30 þúsund manns

aðstoðar með þessum hætti. Í samvinnu við Rauða krossinn í Kanada og Rauða hálfmánann í Sómálíu var unnið að því að bæta heilbrigði og hreinlæti valdra samfélaga í Sómálíu. Auk þess var sérstök áhersla lögð á að koma í veg fyrir limlestingar á kynfærum kvenna og veita stuðning til polenda kynferðis-öfældis. Þá beitti Rauði krossinn á Íslandi sér fyrir því að auka getu Rauða hálf-mánans til að móta og innleiða stefnu á sviði verndar, jafnréttis og þátttöku fyrir berskjaldaða hópa. Einnig var stuðningur veittur vegna mikilla þurrka sem hrjáði landið á árinu og ollu fæðuöryggi.

Í **Sierra Leóne** er unnið að því í samvinnu við finnska Rauða krossinn að auka þrautseigju íbúa í 62 samfélögum í sex héruðum með því styrkja landsfélagið, auka aðgang að hreinu vatni, auka hreinlæti, efla almannavarnir og veita heilbrigðisfræðslu, þ.m.t. fræðslu um kyn- og frjósemisheilbrigði, skaðsemi kynbundins öfældis, barnabruðkaupa og limlestingar á kynfærum stúlkna. Undirbúningur hófst á sjálfbærni og samfélagsdrifnu trjáræktarverkefni sem er ætlað að draga úr neikvæðum áhrifum loftslagsbreytinga og um leið auka fæðuöryggi íbúa tiltekinna svæða í landinu.

Alþjóðaverkefni Áherslur í alþjóðlegu hjálparstarfi á árinu 2020

Brúun hins stafræna bils

Unnið er að því að stórefla starf fjögurra landsfélaga í Afríku með betri tæknilegum innviðum og aukinni notkun upplýsinga- og samskiptatækni. Þannig geta landsfélögin aukið skilvirkni og umfang verkefna sinna á sama tíma og þau öðlast aukna færni til sjálfbærs viðhalds innviða og þekkingar. Þetta mikilvæga uppbyggingarverkefni hefur verið unnið í góðu samstarfi við Íslandsbanka, Þekkingu, Stokk, Origo, ST2 og Reiknistofu bankanna sem lána Rauða krossinum sérfræðinga á sviði upplýsinga- og samskiptatækni en verkefnið er einnig stutt af utanríkisráðuneytinu.

Evrópa

Sérstakur stuðningur var veittur við verkefni Alþjóðasambands Rauða krossins og Rauða hálfmánans á Miðjarðarhafi þar sem farendum er bjargað úr sjávarháska. Leiðir farenta og fólks í leit að alþjóðlegri vernd sem liggja til Evrópu frá Afríku og Mið-Austurlöndum eru með þeim hættulegustu í heiminum. Að minnsta kosti 18.800 einstaklingar hafa tapað lífinu á leið sinni yfir mitt Miðjarðarhafið frá Líbíu til Evrópu og fór sú tala hækkandi milli áranna 2020 og 2021. Rauði krossinn og SOS Mediterranee (SOS MED) hófu samstarf þar sem SOS MED stýrir leit og björgun á björgunarskipinu Ocean Viking en Rauði krossinn sér um neyðarþjónustu fyrir þau sem bjargað er um borð. Þessi aðgerð er hluti af þriggja ára áætlun Alþjóðasambands Rauða krossins og Rauða hálfmánans um aðstoð við farendur í neyð á fjöl-



Brynja Dögg Friðriksdóttir sendifulltrúi var að störfum í upplýsingamálum neyðaraðgerða á björgunarskipinu Ocean Viking.

förnum leiðum í Afríku, Mið-Austurlöndum og Evrópu. Tveir sendifulltrúar héðan komu að aðgerðinni með beinum hætti.


Þá hefur Rauði krossinn á Íslandi stutt dyggilega við fræðasetur Rauða krossins í sálrænum stuðningi (e. *IFRC Psychosocial Reference Centre*) og aukið

samstarfið á undanförunum árum, meðal annars með því að lána sérfræðing til setursins. Þekking setursins nýtist einnig mjög vel verkefnum hér á landi.

Alþjóðleg verkefni

Rauða krossins á Íslandi og störf sendifulltrúa

Alls voru 14 sendifulltrúar við störf í 14 verkefnum.



Fjáröflun



Mörg gerðu góð kaup á kílómarkaði Rauða krossins í Skútvogi.

Framlög frá Mannvinnu Rauða krossins jukust um 5% milli ára. Tölum saman þar sem lögð er áhersla á íslensku þjálfun.

Líkt og undanfarin ár var jólamarkimiðum dreift inn á heimili í landinu, en í ár prýddu myndir af jólaþeysum úr fataflokkinum félagsins miðana.

Fjöldi fyrirtækja styrktu starf félagsins á árinu, innanlands og erlendis og einnig í verkefnum tengdum farsóttarhúsum.

Heildarframlög frá fyrirtækjum drógust saman um rúmlega 50% milli ára, en í slíkum samanburði ber að geta þess að Marel styrkti starf Alþjóðaráðs Rauða krossins í Suður-Súdan um eina milljón evra árið 2020. Ef það mikilvæga framlag er ekki talið með í samanburði milli ára, þá jókst stuðningur frá fyrirtækjum um 22% árið 2021.

Starfsemi Íslandsspila var mjög skert megnið af árinu sem takmarkaði fjáröflun félagsins verulega.

Neyðarsafnanir

Þrjár neyðarsafnanir voru haldnar á árinu; fyrir Afganistan, Palestínu og Malaví. Alls sendi Rauði krossinn á Íslandi 40 milljónir til verkefna í Afganistan, 42 milljónir til verkefna í Palestínu og um 9 milljónir króna til Malaví í kjölfar safnanna sem almenningur, deildir Rauða krossins og utanríkisráðuneytið tóku þátt í.

Fataverkefni

Rauði krossinn safnar fötum um allt land og selur í 13 verslunum sem staðsettar eru víðsvegar um landið auk fjölmargra markaða sem haldnir eru við ýmis tækifæri. Allt sem safnast í fatagáma Rauða krossins er endurnýtt eða sent til endurvinnslu erlendis. Eimskip er dyggur stuðningsaðili verkefnisins í formi flutnings bæði innanlands og utan.

Búðinni við Skólavörðustíg var lokað í september.

Rauði krossinn afhendir umsækjendum um alþjóðlega vernd fatakort sem nýta má í verslunum Rauða krossins án endurgjalds samkvæmt samningi við dómsmálaráðuneytið og Útlendingastofnun. Alls fengu 841 umsækjendur fataaðstoð á árinu 2021. Rauði krossinn studdi einnig aðra hópa í viðkvæmri stöðu með fatakortum.

Fjármál

Tekjur og framlög 2021

Áhrifa heimsfaraldurs kórónaveiru gætti áfram á rekstur félagsins. Neikvæðu áhrifin voru mest á tekjur af söfnunarkössum, en faraldurinn hafði einnig áhrif á rekstur fatasöfnunar. Umfang þjónustusamninga við Sjúkratryggingar Íslands um rekstur farsóttarhúsa og sóttvarnarhóteila jókst hins vegar verulega. Félagið fékk tekjufallsstyrk frá dómsmálaráðuneytinu að fjárhæð 100 m.kr.

Heildartekjur Rauða krossins á árinu 2021 námu 3.259 milljónum króna, þar af námu samningsbundin verkefni fyrir ríki og sveitarfélög 1.515 milljónum. Tekjur af söfnunarkössum hækkuðu um rúm 40% eftir mikla lækkun árið áður. Tekjur af sölustarfsemi voru 395 milljónir. Alls námu styrkir og framlög frá almenningi og fyrirtækjum 546 milljónum, þar af voru framlög Mannvina 265 milljónir og félagsgjöld til deilda 31 milljón.

Sala í fataverslunum jókst milli ára en afkoma af útflutningi fatnaðar hjá fatasöfnun var áfram slæm. Flutt voru út til sölu erlendis tæp 2.400 tonn. Alls var úthlutað 27 milljónum til tæplega tvö þúsund skjólstaðinga í formi fatakorta. Hagnaður verkefnisins var 30 milljónir sem rennur í innlent og erlent hjálparstarf.

Heildartekjur Sjúkrabílasjóðs voru 676 milljónir, þar af var framlag ríkisins 234 milljónir og framlag Rauða krossins 17 milljónir. Fjárfesting í bifreiðum og búnaði var veruleg á árinu, eða 523 milljónir og keyptir voru 25 nýir sjúkrabílar og þar með hafa 50 nýir bílar bæst í flotann á tveimur árum auk þess sem 12 bílar verða keyptir á árinu 2022.


Heildarframlög til verkefna Rauða krossins á Íslandi námu 2.862 milljónum, þar af fóru 1.396 milljónir til verkefna innanlands. Umfangsmesta verkefnið var

rekstur farsóttarhúsa sem byggir á lögbundnu stoðhlutverki félagsins við ríkið. Alls voru 13 hús í rekstri, fjöldi starfsmanna var um 70 þegar mest var og rúmlega 14 þúsund einstaklingar dvöldu í húsunum. Þjónusta við umsækjendur um alþjóðlega vernd og flóttafólk var áfram umfangsmikil og námu gjöld vegna þjónustunnar um 420 milljónum. Félagslegur stuðningur við ýmsa hópa á landsvísi nam 135 milljónum.


Heildarframlög til alþjóðlegs hjálparstarfs og alþjóðasamstarfs var 459 milljónir.

Stöðugildi hjá félaginu voru 127 að jafnaði á árinu og þar af voru 3 sendifulltrúar að störfum erlendis.

Próun tekna í milljónum króna síðustu 5 ár




Alþjóðaverkefni



Útgjöld eftir verkefnum



Sundurliðun innanlandsstarfs



Fjármál

Lykiltölur úr rekstrinum

Tekjur í milljónum króna	2021	2020	2019	2018	2017
Söfnunarkassar	284	201	427	510	586
Frjáls framlög	546	789	389	416	334
Samningar við stjórnvöld	1.515	1.034	967	971	763
Sjúkraflutningar	425	308	361	345	320
Sölustarfsemi	395	309	409	429	426
Aðrar tekjur	94	124	167	117	128
Samtals	3.259	2.765	2.719	2.788	2.556

Framlög til verkefna í milljónum króna	2021	2020	2019	2018	2017
Alþjóðlegt hjálparstarf	391	501	371	441	404
Alþjóðasamstarf	68	49	84	72	60
Innanlandsstarf	1.396	1.162	1.127	1.234	960
Sjúkraflutningar	526	491	465	425	409
Hjálparsíminn 1717	47	47	34	46	28
Athvörf Rauða krossins	32	124	116	115	114

Skipting útgjalda eftir verkefnum í milljónum króna	2021	%
Innanlandsstarf	1.396	49%
Alþjóðlegt hjálparstarf	391	14%
Alþjóðasamstarf	68	2%
Sjúkraflutningar	526	18%
Fjáröflun og kynning	365	13%
Önnur starfsemi	116	4%
Samtals	2.862	100%

Sundurliðun innanlands	2021	%
Deildarstarf	26	2%
Skyndihjálp og neyðarvarnir	72	5%
Athvörf Rauða krossins	32	2%
Hjálparsíminn	47	3%
Flóttamenn og hælisleitendur	422	30%
Farsóttarhús og sóttvarnarhótel	546	39%
Félagslegur stuðningur	135	10%
Önnur verkefni	117	8%
Samtals	1.396	100%

Alþjóðlegt hjálparstarf	2021	%
Neyðaraðstoð	158	40%
Próunarsamvinna	195	50%
Sendifulltrúar	38	10%
Samtals	391	100%



Rauði krossinn

Rauði krossinn á Íslandi • Efstaleiti 9 • 103 Reykjavík • Sími 570 4000
info@redcross.is • www.raudikrossinn.is